30. Jón Pálsson settur til að gegna gjaldkerastörfum við Landsbankann í fjarvist Halldórs Jónssonar þáverandi aðalféhirðis og eftir að honum var vikið frá störfum. Afrit af bréfum stjórnarráðsins um þetta mál, dagsett 29. febrúar 1912 Og 14. mars sama ár.

Stjórnarráð Íslands.
~~ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ~~

*Reykjavík,* 14. mars 1912.

**Endurrit.**

Með því að stjórnarráðið hefir í dag vikið gjaldkera Landsbankans, Halldóri Jónssyni, frá sýslan hans um stundar sakir, eruð þjer, herra bankaritari, hjermeð settur á eigin ábyrgð til þess að gegna starfi þessu þangað til öðruvísu kann að verða ákveðið, gegn því að njóta hálfra launa þeirra, sem starfi þessu eru lögð samkvæmt lögum nr. 24, 2. okt. 1891.

Þetta birtist yður hjermeð til leiðbeiningar og til eftirbreytni.

Kristján Jónsson.

/Jón Hermannsson.

Til

setts bankagjaldkera Jóns Pálssonar.

Rjett endurrit staðfestir.

ATVINNU- OG SAMGÖNGU-MÁLARÁÐUNEYTIÐ

27. janúar 1926.

Jón Gunnlaugsson.

II

~~Landsbanki Íslands~~ Stjórnarráð Íslands

~~Telegram-adr.: Landsbanki~~
~~Telefon 65.~~

Reykjavík 29/2 1912

Eftirrit

Hjer með eruð þjer, herra bankaritari, settur til að gegna gjaldkerastörfunum við Landsbankann, þá tvo mánuði, sem núverandi gjaldkera Halldóri Jónssyni, hefur verið leyft að láta af sýslan sinni. Starfi þessu gegnið þjer á ábyrgð og kostnað nefnds gjaldkera.

Þetta birtist yður hjer með til leiðbeiningar og til eptirbreytni.

Kristján Jónsson

Jón Hermannsson

Til herra bankaritara
Jóns Pálssonar
Reykjavík